



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Reykjavík, 20. janúar 2025

MSS24020129

UMSÖGN

Umsögn um tillögu fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um innleiðingu nýrrar strætóleiðar fyrir úthverfi Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs þann 27. febrúar 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beita sér fyrir því að bætt verði við nýrri strætóleið fyrir íbúa Árbæjar, Norðlingaholts og Grafarholts samhliða vinnu við nýja Borgarlínu.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. apríl 2024 var tillögunni vísað til umsagnar Strætó.

Umsögn:

Í tillögunni er lagt til að bætt verði við nýrri strætóleið fyrir íbúa Árbæjar, Norðlingaholts og Grafarholts samhliða við vinnu við Borgarlínu. Í greinargerð er greint frá því að afar stór meirihluti ungmenni sæi fram á að nýta sér strætóleið sem gangi frá Mosfellsbæ til Mjóddar með stoppistöðvum í Grafarholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti og Breiðholti. Samkvæmt upplýsingum frá Strætó myndi slík leið líkt og lagt er til kosta um 800 milljónir árlega miðað við 15 mínútna tíðni á annatíma og 30 mínútna tíðni utan annatíma. Miðað við að ekið sé til kl. 23 alla daga vikunnar. Ef leiðin æki á 30 mínútna tíðni allan daginn er áætlaður kostnaður um 600 milljónir á ári. Að minnsta kosti 11 strætóleiðir aka á umræddu svæði og með einni skiptingu er hægt að komast á milli flestra staða á því svæði. Með nýju leiðarneti Borgarlínu er áætlað að leiðir sem tengjast öllum þeim stöðum sem nefndir eru í tillögunni mætist við Krossamýrartorg á Ártúnshöfða. Þar er því kjörinn skiptistöð fyrir þá sem þurfa að komast á milli þeirra svæða sem nefnd eru án þess að það þurfi að hlykkja leiðir til en almennt er það keppikefli við skipulag almenningssamgangna að leiðir vagnanna séu séu sem beinastar og sem fæstir og minnstir krókar séu á þeim. Það er svo að þeir sem sitja í vögnunum þurfi sem fæsta króka að taka og almenningssamgöngur séu þannig raunverulegri valkostur fyrir vegfarendur t.d. í samanburði við það að aka í bíl.


Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík



Hjálagt: umsögn Strætó dags. 26. ágúst 2024 og skjáskot af áætluðu nýju leiðarneti Strætó



From: [Sigurborg Þórarinsdóttir](#)
To: [Sigurjóna Guðnadóttir](#)
Subject: RE: Útistandandi mál frá umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur
Date: mánudagur, 26. ágúst 2024 13:58:32
Attachments: [image003.png](#)
[image005.png](#)
[image006.png](#)

Sæl Sigurjóna,

Afsakaðu sein svör.

Eins og ég skil þessa leið myndi hún líta svona út:



Þessi leið myndi árlega kosta tæpar 800 milljónir m.v. 15 mín. tíðni á annatíma og 30 mín. tíðni utan annatíma, akstur til kl. 23 alla daga vikunnar.

Ef tíðni væri 30 mín. alltaf myndi hún kosta tæpar 600 milljónir á ári.

Það eru í það minnsta 11 leiðir sem aka á þessu svæði í dag, með 1 skiptingu ætti að vera hægt að komast á milli flestra staða á svæðinu.

Kær kveðja,



Sigurborg Þórarinsdóttir | Sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs / Director of Human Resources and Quality Management
sigurborg@straeto.is | s. 867 9936

Strætó bs | Skrifstofur Hestháls 14 | 110 Rvk | +354 540 2700
Skilmálar/Disclaimer
